

Fundargerð Aðalfundar Pírata, Selfossi 29.9.2018

FUNDARGERÐ

10:00 **Aðalfundur settur** – Fundastjóri og ritarar fundarins kosnir

Fundarstjóri: Snæbjörn Brynjarsson var kosinn fundarstjóri með lofaklappi

Fundarritarar: Albert Svan og Einar Friðgeirsson voru samþykktir með lófaklappi

10:05 **Slembival tveggja fulltrúa í framkvæmdaráð og upphaf vefkosningar**

- Fundurinn hófst á slembivalinu sem var sjálfkrafa reiknað úr nöfnum fundargesta. Niðurstöður slembivals voru að Pétur Óli Þorvaldsson hlaut sæti í framkvæmdaráði í tvö ár og Steinar Þór Guðlaugsson hlaut sæti í eitt ár. Í ljós kom að fyrra slembival þar sem Reber Abdi Muhammed var valinn í ráðið, en samkvæmt lögum Pírata er hann ekki kjörgengur vegna nýskráningar í Píratar. Tillaga var þá borin fram um að veita Reber áheyrnaraðild í framkvæmdaráð og var sú tillaga samþykkt af aðalfundinum með handauppréttingu meirihluta fundargesta.
- Rafrænar kosningar hófust kl. 10:05 og stóð yfir til kl. 17:30. Í framboði voru (óraðað):
Valgerður Árnadóttir, Huginn Þór Jóhannsson, Magnús Kr. Guðmundsson, Kristján Gísli Stefánsson, Árni Steingrímur Sigurðsson, Sigurður Á. Hreggviðsson, Tinna Helgadóttir, Guðmundur Arnar Guðmundsson, Gígja Skúladóttir, Halldór Auðar Svansson, Eydís Arna Sigurbjörnsdóttir, Unnar Þór Sæmundsson, Freyja Vals Sesseljudóttir, Elín Ýr Arnar, Einar Hrafn Árnason og Lárus Vilhjálmsson.
Í framboði sem endurskoðendur eru:
Eva Pandóra Baldursdóttir og Halldór Arsson.
Fjórir voru í framboði til Úrskurðanefndar:
Elsa Kristjánsdóttir, Sunna Rós Viðisdóttir, Björn Þór Jóhannesson, Gunnar Ingiberg Guðmundsson

10:30 **Rekstur, framkvæmdir og umræður**

- Skýrsla framkvæmdaráðs
Sindri formaður framkvæmdaráðs sagði frá störfum ráðsins. Klappað var fyrir Pétri og Tinnu sem skipulögðu aðalfundinn af glæsibrag. Einnig var klappað fyrir starfsfólkinu okkar bæði fastráðnu og verktökum í kringum kosningar. Mikið var lagt upp úr síðustu sveitarstjórnakosningu og var árangur nokkuð góður og verður ennþá betri næst. Hlutverk framkvæmdaráðs hefur breyst frá því að sinna daglegum rekstri flokksins ásamt húsrekstri, en nú sinna starfsmenn flestum verkum og sjálfböðaliðarnir í framkvæmdaráði þurfa ekki að funda eins oft. Nú sinnir framkvæmdaráð meira stefnumótandi verkefnum og að daglegt innra starf Pírata rúllar áfram. Þá las Sindri upp úr nýrri skýrslu sem útbúin var fyrir Pírata með yfirliti og ráðleggingum um starfsmannahald. Skýrslan verður gerð aðgengileg á vef Pírata.
- Skýrsla gjaldkera:
Gunnar Ingiberg Guðmundsson gjaldkeri framkvæmdaráðs kynnti ársreikning Pírata, sem aðgengilegur er á www.piratar.is og benti hann á að reikningarnir stemmi en að liðurinn kosningar skiptist annarsvegar í alþingiskosningar 2017 og hinsvegar sveitarstjórnakosningar 2018.
Jason Steinþórsson endurskoðandi reikninga steig einnig í pontu og lýsti yfir að

ársreikningar væru samþykktir en með athugasemdum þar sem nokkra reikninga vantar. “Skoðanamenn leggja til að ársreikningar verði til amk viku fyrir aðalfund og að millireikningar séu gerðir ársfjórðungslega og að gerðir verði verkferlar vegna reikningsskila.”

- Umræður:

Ýmsar spurningar komu fram á aðalfundinum sem Gunnar svaraði eftir bestu getu.

-Spurt var um opið bókhald Pírata og svaraði Gunnar því að verið væri að vinna í því og verður eitt af verkefnum nýs framkvæmdaráðs.

-Álfheiður Eymarsdóttir steig í pontu og þakkaði fyrir störf sjálfboðaliða og starfsmanna. Einnig minnti hún á að eðlilegt sé að ræða störf og framkvæmd stjórnunar flokksins án þess að taka ábendingum og gagnrýni persónulega. Benti hún á að áskorun félagsfundar um starfsmannamál hafi litlar undirtektir fengið. Einnig benti hún á að aðalfundurinn væri ekki í samræmi við lög Pírata að undirbúa framtíð félagsins og marka stefnu.

-Einar Friðgeirsson steig í pontu og tók undir orð Ölfu hér að ofan. Einnig bætti hann við að Píratar hafi nú tíma til að vinna í innra starfinu. Ein stærsta árskorunin er að vinna í að fjölga Pírötum.

Gunnar Ingiberg steig í pontu og fór yfir fjárhagsáætlun 2019. Kynnt var lauslega áætlun sem miðar að að skila Pírötum réttu megin við núllið 2019 eftir

Sigmundur Þórir Jónsson gjaldkeri Ungra Pírata steig í pontu og hvatti til þess að aðildarfélög á borð við Unga Pírata fái föst framlög á ársbasis svo ekki þurfi að trufla Framkvæmdarstjóra eða Framkvæmdarráð vegna smárra útgjalda

Sindri Viborg tók til máls og svarar Ölfu Eymarsdóttur, þakkar fyrir verðuga gagnrýni og fór yfir viðbrögð Framkvæmdarráðs við áskorun þeirri sem þau settu fram.

Alexandra Briem kom með umræðu um áhyggjur varðandi fjármál og að taka þurfi þau föstum tókum með markvissri fjármögnun.

Bjarki Hilmarsson rétt vildi nefna að besta leiðin til að fjölga meðlimum sé að halda opin námskeið á fleiri en einum stað og að Píratar séu sem mest sýnilegir meðal almennings.

Svafar Helgason þakkaði einnig Ölfu fyrir að koma með góðar ábendingar. Einnig benti hann á ákveðin vandamál sem ítrekað koma upp hjá Pírötum varðandi ákvarðanir, boðleiðir og að alltaf megi bæta sig.

Einnig var borin kveðja frá Anna Lilja Pírati í Hveragerði sem ekki átti heimangengt á aðalfundinn. Það var Álfheiður Eymarsdóttir sem flutti skilaboðin í pontu.

“Kæru Píratar. Ég gekk til liðs við Pírata vegna þess að í eftirköstum hrunsins voru Píratar bjartasta vonin fyrir íslenskt samfélag. Og ekki bara bjartasta vonin heldur eini raunhæfi kosturinn í pólitík. Ég er stolt af Pírötum, því sem við stöndum fyrir og einna stoltust af kjörnu fulltrúunum okkar.

En það sem ég vildi koma til skila er að við erum ekki hefðbundinn stjórnálflokkur. Við erum ekki einu sinni flokkur, heldur hreyfing. Við Píratar erum hreyfing sem berst fyrir borgararéttindum og mannréttindum. Píratar hafa, þar til fyrir stuttu, ekki fókuserað sérstaklega á kvenréttindi og voru alls ekki stofnaðir um þann málaflokk. Kvenréttindi og femínismi í öllum sínum myndum eru góð og gild málefni en við megum ekki einblína á þessu málefni á kostnað þeirra áherslna sem við bundumst upphaflega félagi um. Ég hef áhyggjur af því að við fjarlægjumst grunnildi og helstu stefnumál okkar. Að þessu hliðaráhugamál valdi sundrunu í okkar röðum frekar en sameiningu. Grunnildin sameina okkur.

Það var td haldinn fundur fyrir nokkrum vikum, um að breyta orðalaginu í Píratakóðanum sem þótti of karllægt. Eins og Píratar eru frjálsir sem er einfalt mál að laga: Píratar eru frjálst fólk osfrv.

Mig langar líka að minnst á einangrun okkar landsbyggðarPíratanna. Við þurfum betri vettvang til virkrar þátttöku og aðkomu að ákvarðanatöku. Facebook virkar oft á tíðum eins og aðkoma að nöldri og aðkoma að nöldri kemur ekki í staðinn fyrir aðkomu að ákvarðanatöku. Það er snúið að leysa þetta svo vel sé en nauðsynlegt ef við ætlum okkar að vera hreyfing á landsvísu.

Ég hef trú á að Pírötum takist að leysa þessi mál eins og önnur sem að okkur er rétt. Við höfum sýnt það að við getum flutt fjöll þegar á þarf að halda. Við erum komin til að vera. Góða skemmtun í dag. Píratakveðjur, Anna Lilja”.

12.10-12.40 hádegishlé

12:40 **Kosningaskýrsla** – Erla Hlynsdóttir

Erla bauð þeim sem stýrðu kosningabaráttunni í pontu og fór yfir það ferli með tímabundið ráðnu starfsfólki, Hrafnísi Báru, Gunnari Grímssyni, Hans Benjamínssyni, Robert Marshall og Atla Þór Fanndal.

Stiklað var á stóru með kosningabaráttuna, lagt var upp með það að allir þeir sem stýrðu sveitarstjórnarkosningabaráttunni í vor myndu gera skýrslu eftir kosningarnar, þær eru annaðhvort til eða um það bil að verða til frá öllum aðilum.

Gunnar Grímsson tók til máls. Hann var kosningastjóri í Reykjanesbæ. Niðurstaða kosninganna þar var mikil vonbrigði fyrir alla þar sem þau bjuggust við mun betri niðurstöðu. Mikil jákvæð samskipti við fólk í samfélaginu í Reykjanesbæ en einhverra hluta vegna skilaði það sér ekki í kjörkassann. Niðurstaðan frá hans sjónarhóli séð er að úti á landi vinni maður ekki kosningar með því að vera með stífa baráttu í mánuð fyrir kosningar - það þurfi mun lengri tíma til að byggja upp traust íbúa gagnvart frambjóðendum. Samfélagsmynstrið er einfaldlega öðruvísi utan höfuðborgarsvæðinu.

Hrafnísi Báru fór yfir skýrslu sína um kosningabaráttu Pírata á Akureyri. Las upp úrdrátt úr skýrslunni. Ekki rakið nánar hér þar sem texti þessi verður til í væntanlegri kosningaskýrslu.

Róbert Douglas, kosningastjóri höfuðborgarsvæðisins tók til máls. Hann skilaði sínum hluta af kosningaskýrslu inn fyrir ca. 3 mánuðum. Hann tók undir orð Hrafnísis og Gunnars í

sambandi við kosningabaráttuna. Lýsti mikilli streitu og að í öllum þremur höfuðborgarkjördæmunum hafi starfsfólk og sjálfsboðaliðar þurft að spila “catch-up” sökum þess að prófkjör ogaráttan fór seint af stað. Hann mælti með að byrja a.m.k 6 mánuðum fyrir kosningar næst og reyna að notast við sömu aðilana sem pólitíska ráðgjafa næst til að halda í reynslu.

Hans Benjamínsson tók næst til máls og tók undir orð fyrri ræðumanna. Hann sagði kosningabaráttuna hafa verið bæði skemmtilega og lærdómsríka, en erfiða. Hvatti hann til þess líkt og Robert að reynt verði að halda í þá reynslu sem byggðist upp.

Erla Hlyns framkvæmdarstjóri tók til máls og talaði um að við þurfum að læra að vera í kosningabaráttu allt árið um hring til að halda okkur í formi.

Alexandra spurði hvort það sé eitthvað sem frambjóðendur geti gert betur í kosningabaráttunni. Erla og Hrafnís svöruðu og telja að m.a þurfi fólk að átta sig betur á því hvað felst í kosningabaráttu, hvað það kostar í vinnu og frítíma o.s.frv. Erla taldi að starfsfólk þurfi mun betur að kynna hvað felst í að vera í framboði fyrir frambjóðendum.

Gunnar Grímsson taldi að það þurfi mun sterkari grasrót utan höfuðborgarsvæðisins til að styðja við frambjóðendur.

Atli Þór Fanndal ráðgjafi Pírata í sveitarstjórnakosningum fjallaði um nokkur dæmi þess að styrkja boðleiðir og samskipti í flokknum til að ná meiri árangri. Einnig fór hann inn á ýmsar ráðleggingar fyrir Pírata almennt í samræmi við samfélagið og stjórn málaumhverfi landsins. Mikilvægt að þátttakendur í Pírötum sjái aukin lífsgæði fólgin í því að taka þátt í stjórn málastarfinu. Hann mælti sterktlega með því að byrja fyrr að framboði fyrir kosningar vegna þess að þær taka verulega á þol bæði sjálfsboðaliða og starfsfólks. Nú þurfa Píratar að komast úr krísuhugsun og vinna skipulega að því að ná árangri.

Í fyrirspurnum var spurt hvort mögulega þyrfti að skoða hvort æskilegt sé í framtíðinni að velja fólk á framboðslista sem laða að atkvæði. Í svörum starfsmanna var ekki talið eðlilegt að handvelja á lista en að finna leiðir til að bjóða fram frambærilega og kjarngóða lista. Einnig var spurt hvort símvær og símhringingar skipti miklu máli í kosningabaráttu. Allir starfsmenn sögðu símvær vera mjög áriðandi og það þurfi að virkja miklu betur í framtíðinni enda bein samskipti við félagsmenn og kjósendur það mikilvægasta til að ná árangri.

13:30 Kosningabaráttu Pírata í Svíþjóð

Elsa Nore kynnti kosningabaráttu Pírata í Svíþjóð. Kosningabaráttan hófst í vor, og lenti Elsa í 8. Sæti.

Menningarmunur er á kosningabaráttu hér og í Svíþjóð. “Kosningakofar” og veggspjöld spila stórt hlutverk. Kjörseðlar eru öðruvísi en hér á landi. Útskýrir hversu mikið atkvæðavægi þarf til að fá fjárstyrki og komast inn á þing. Yfirferð yfir hvar var boðið fram (Stokkhólmur, Uppsali, Gautaborg, Örebro, Linköping, Lund, Malmö, Skurup). Áherslur íaráttunni voru

stafrænt lýðræði, borgaralaun, fíkniefnastefna. Fljótt varð ljóst að helsta umræðuefnið yrðu innflytjendamál. Svíþjóðardemókratar nánast hertóku þá umræðu snemma. Einnig spurði fólk mikið um skatta og heilbrigðis- og skólakerfið. Margir minntust á árangur Pírata á Íslandi, aðrir furðuðu sig á að Píratar væru ennþá til.

Erfiðlega gekk að virkja sjálfbæðaliða. Fjármagn var mjög takmarkað þar sem Píratar í Svíþjóð fá enga ríkisstyrki. Mesti kostnaðurinn var við prentun á kjörseðlum, sem að er í höndum flokkanna í Svíþjóð. Listar yfir kjörstaði voru uppfærð seint. Vafamál voru með talin atkvæði. ÖSE hefur sett út á hvernig kjörseðlar eru útbúnir og kosningar fara fram í Svíþjóð - fólk þarf að taka kjörseðla merкта flokkunum í annarra augsýn. Píratar í Svíþjóð náðu ekki markmiði sínu um 1% atkvæða til að fá dreifingu seðla á kjörstaði næst, fengu rúm 7000 atkvæði eða 0.1% ca. Þó eru Svíapíratar ekki af baki dottnir og munu taka þátt í ESB-kosningum næsta vor.

Elsa tók við spurningum utan um sal: hvort að áhersla á málefni frekar en frambjóðendur hafi skaðað framboðið, og einnig er spurt hvort að sænsku “kosningakofarnir” eigi erindi í íslenska pólitk. Einnig var spurt hvort mögulegt hafi verið að hafa meira samstarf við aðra flokka í kosningabaráttunni. Elsa sagði að það hafi ekki reynt á það en það hafi þó verið rætt við einn flokk en ekki orðið af. Einnig tíðkist það í Svíþjóð að flokkar bjóði fram í blokkum eða kosningabandalögum, þ.e hver með sinn kjörseðil en með það gefið fyrirfram að þau muni starfa saman.

14:00 **Sameiginleg baráttumál Pírata á Betra Íslandi**

Gunnar Grímsson tók sviðið og taldi að staða lýðræðis hafi staðið í stað í flokknum. Lýðræðishefð, sagði hann einskorðast við prófkjör og kosningakerfið sem er meira en í öðrum flokkum en við erum ekki að bæta okkur, ef eitthvað er er lýðræðisleg þáttaka almennra félagsmanna að minnka. Vantar upp á samhengi milli “kjörtímabila” í framkvæmdarráði þar sem fólk brennur út í því starfi og býður sig ekki fram aftur.

Hann kynnti vinnuna í kringum Betra Ísland 2015. Telur að slíkt módel sé vænlegra til þess að auka lýðræði og efla flokkinn heldur en t.d samfélagsmiðlar sem ýta undir rifrildi.

Kynnt var svörun við Betri Píratar í aðdraganda Aðalfundar 2018. Nýja stjórnarskráin er á toppnum yfir þau mál sem þáttakendur telja að skipti mestu máli. Heilbrigðiskerfið í öðru sæti, útrýming fátækar í fjórða sæti og kerfisúrbætur í málefnum trans og intersex fólks í 5.

Spurningar utan úr sal - líflegar umræður um stöðu lýðræðis í flokknum. Margir á mælendaskrá. Nefnt var að auka mætti notkun slembivala í lýðræðislegum ferlum Pírata og að endurvinnna mætti stefnumál Pírata á markvissan máta. Halldóra þingkona minnti á að margt gott hefur gerst og ekki megi gleyma því að margt gott fólk hafi tekið þátt og sé að gera góða hluti.

14.45 hlé

15:00 Skýrsla þingflokks Pírata

Þórhildur Sunna þingkona Pírata mætti og sagði frá störfum þingflokks. En fyrst nefndi hún kosningabaráttu sem brast á eftir síðasta aðalfund Pírata og voru sex vikur af “geðveiki. Reynt var eftir kosningar að ræða við VG og XB um bandalag en það rann út í sandinn og fór sem fór að Píratar á þingi lentu utan meirihlutasamstarfs og sinna aðallega aðhalds- og eftirlitshlutverki á þinginu. Nokkur dæmi eru t.d. fyrirspurnirnar hans Björns Leví sem veita aðhald og gagnsæi í þingstarfinu. Lögð var fram vantraustsstillaga á dómsmálaráðherra í samstarfi við Samfylkingu. Þrátt fyrir að hún hafi verið varin vantraustu var nauðsynlegt að skýrt kæmi fram hvaða þingmenn bæru traust til hennar og hverjir ekki. Bragamálið er enn eitt dæmi þar sem Píratar bentu á að þrjár barnaverndarnefndir hafi kvartað undan honum og að í þeim aðstæðum væri honum boðin alþjóleg staða hjá S.Þ. svo úr varð þöggunarmál, en því máli er ekki lokið. Píratar bentu á að vinna við innleiðingu GDPR var verulega ábótavant bæði í undirbúningi og innleiðingu nýrra laga. Kjararáð er enn eitt mál sem Píratar hafa unnið öttulega að því að fá lagfært. Nokkur vinna fer í samningaviðræður við aðra flokka um hvaða mál fá að lifa á milli þinga. Tvö mál sem lögð var áhersla á af Pírötum voru nýr dómstóll, endurupptökudómstóll sem dómsmálaráðherra vill skipa og voru ekki til þess gerð að auka traust á nýja embættinu. Nú er búið að leggja þetta frumvarp fram aftur og sér ekki fyrir endann á því. Breytingum á rafrettufrumvarpinu svokallaða sem að voru unnar með skaðaminnkun í huga, hið sama gildir um “sterafrumvarpið”.

Einnig lögðu Píratar sitt að mörkum í tilraun til að klára það mál að færa kosningaaldur niður í 16 ár, mál sem að upphaflega var lagt fram af núverandi forsætisráðherra en ríkisstjórnin hefur ekki áhuga á að veita brautargengi.

Tvö mál náðust þó í gegn - mál Björns Leví um stafrænar smiðjur og þingsályktunar um rannsókn á fýsileika borgaralaun sem var vísað til Framtíðarnefndar, sem er ný nefnd sem sett hefur verið á fót að miklum hluta til vegna vinnu Pírata á þingi. Vinnur hún að hugmyndum og lausnum á ýmsum áskorunum sem eru framundan í náinni framtíð landsins.

Farið er yfir hvaða nefndum þingmenn Pírata sitja í (sjá skýrslu þingflokks). Þórhildur Sunna hyggst halda kynningarfund fyrir Pírata um störf Evrópuráðsins.

Kjaravetur er framundan og Þórhildur S. tekur fram að þingflokkur Pírata hafa hitt forsvarsmenn verkalyðshreyfingarinnar með það fyrir augum að standa þétt við bakið á þeim í komandiaráttu.

Stuttlega komið inn á “Uppreist Æru” frumvarpið. Telur að sú “heildarendurskoðun” sem boðuð var á lögum sem innihalda hugtakið “óflekkað mannorð” sé ekki eins vel unnin eins og dómsmálaráðherra vilji af láta og lykti af n.k “find and replace” hugsunarhætti. Þórhildur Sunna ætlar að leggja fram innlegg í svokallaðan “bandorm” með endurbótum á þessari heildarendurskoðun sem myndi færa hana nær gildum Pírata.

Talað um umræðuna um traust og skort á trausti í stjórnámálum. Komið inn á ákvörðun VG að mynda stjórn með Sjálfstæðisflokknum þrátt fyrir vilja flestra félagsmanna um það, og sett í samhengi við skort á trausti á stjórnmalin.

Kallar eftir meiri samráði við fólkið í landinu í að byggja upp framtíðarsýn á landinu sem allir geta verið sáttir við sem býður fólki upp á hugmynd um gott samfélag fyrir allra.

Spurt út í uppreist æru málið. Þ.S bendir á að breytingar á lögunum skilja fullt af fólki eftir með enga leið til að hreinsa nafns sitt þar sem lögin voru felld niður án þess að ný úrræði kæmu í staðinn. Það er bagalegt þar sem hugtakið “óflekkað mannorð” er í stjórnarskránni. Þarf að vanda betur til verka í þessum málum.

Spurt er úti óskilvirkni í vinnulaginu á Alþingi. Almenningsur á bággt með að trúa því að ástandið sé í raun og veru svona á þinginu ÞS svara að vinna sé í gangi við að taka upp fræðsluefni sem leiða kjósendur í allan sannleikann um hversu óskilvirk málsmeðferð á Alþingi sé.

Spurt var varðandi aðgengi grasrótar að vinnu að málum á Alþingi. Verið er að vinna að slíkum verkefnum þ.m.t er verið að skoða e.k “skugganefndir” skipaðar félagsmönnum úr grasrótinni.

Spurt var út í reglur um klæðaburð á Alþingi. Strangari reglur fyrir konur en karla, sendir það röng skilaboð? Þ.S telur að mikil umræða hafi verið um þetta undanfarin ár en meiri aðgerða sé þörf. Þó ekki stórt mál í víðara samhengi.

Er þinginu stýrt gagngert með það í huga að skapa tímapressu undir lok hvers þings? Svárið er að það sé hugsanlegt. Það er ákveðin ástæða fyrir því að Píratar vilja fá skriflegt yfirlit yfir það hvað hafi verið samþykkt flokka í milli á þinginu þar sem oft komast þau að því að verið sé að halda því fram að þau hafi samþykkt hluti sem einungis var samþykkt að taka til skoðunar eða hugleiða en engin endanleg ákvörðun tekin. Píratar hafa neyðst til þess að leggjast gegn málum sem þeir eru í raun sammála vegna þess hversu illa þau eru unnin og með litlum tíma til að rýna það.

15:45 Skýrsla borgar- og bæjarstjórnarfulltrúa

Dóra Björt og Alexandra stigu í pontu og fóru yfir meirihlutastjórnarmyndun í borginni. En fylgi Pírata fór úr 5.9% yfir í 7.7% og úr 1 borgarfulltrúa í 2. Dóra Björt er núna forseti borgarstjórnar, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir er borgarfulltrúi, en Alexandra Briem og Rannveig Ernudóttir eru varaborgarfulltrúar. Píratar eru með fulltrúa í öllum fagraðum borgarinnar nema einu.

Píratar eru komnir með stefnur í öllum helstu málaflokkum sem snerta borgina, og nýttust þær stefnur sem grasrótin hafði þróað mjög vel í kosningabaráttunni og sérstaklega í meirihlutaviðræðunum. Meirihlutasáttmálinn byggir á því að meirihlutinn geti enst í samstarfi margra ólíkra flokka og er mjög “fjólublár” sáttmáli. Tekið var á viðkvæmum málum sem gætu valdið deilum milli ólíkra meirihlutflokka strax.

Stuttlega farið yfir helstu stefnumálin í meirihlutasáttmálanum, varðandi umhverfismál, húsnæðismál, velferðar- og lýðheilsu (sjá glærur). Undirbúningur er hafinn við borgarlínu og framgöngu hennar í skipulagi á höfuðborgarsvæðinu. Reynt er að taka fyrir aukinn þrýsting á byggingu fleiri hótela í miðborginni og “Housing first” verkefnið að panta fjölda smáhýsa fyrir fólk sem ekki hefur í húsnæði að venda. Á sama tíma er fast sótt um fjölgun félagsbústaða og að lagt verði aukafjármagn í þann málaflokk. Verið er að innleiða þjónustu stefnuna sem unnið var að á síðasta kjörtímabili. Mannréttinda og lýðræðiskafli sáttmálans nær alfarið kominn frá Pírötum. Tryggja aðgengi allra kynja að þjónustu borgarinnar, verið að skoða mögulegar lagabreytingar sem þarf til að treysta mannréttinda og lýðræðismál í borginni, samstarf við þingflokkinn á því sviði. Hverfisráðin endurskoðun með eflingu lýðræðis að leiðarljósi.

Píratar lögðu til breytingar á forsætisnefndinni í borginni, að fjölga úr 3 í 5 fulltrúa, með það að markmiði að valdefla minnihlutann sem í dag hefur ekki fulltrúa í henni og auka aðgengi hans að stefnumótun. Píratar beittu sér fyrir því að 1. Varaborgarfulltrúar kæmu inn í nefndir til að auðvelda smærri flokkunum að taka virkan þátt í samstarfinu.

Viðhorf Pírata og hugmyndir um gagnsæi og lýðræði eru að hafa veruleg og mikil áhrif á hvernig hlutirnir eru gerðir í borginni og ekki vanþörf á. Ýmsir ferlar eru í endurskoðun sem þarf að bæta þó svo að það sé ekki mikið í fjölmiðlum þar sem Píratar hafa aðrar leiðir til að beita sér í meirihluta heldur en í minnihluta eins og rauni t.d er á Alþingi.

Alexandra talar um hvernig hægt sé að bæta samskipti félagsmanna og kjörinna fulltrúa í borginni. Verið er að koma á virku samtali milli Pírata í Reykjavík og borgarfulltrúa. Ýmir verkefni til að koma þessu samtali á, m.a hlaðvarp einu sinni í mánuði og reglulega fundi. Slíkt samtal er ekki síður nauðsynlegt fyrir fulltrúana heldur en félagsmenn, þar sem regluleg jarðtenging er nauðsynleg.

Tekið var við spurningum. Fyrsta er um “braggamálið” alræmda. Alexandra sagði að þetta mál sé stórfurðulegt og ennþá sé verið að bíða eftir opinberum svörum. Koma á á fundi í október, en atriði hafa komið fram í fjölmiðlum sem skýra málið að hluta. Nauðsynlegt er að fara vel í þetta mál með það að sjónarmiði að koma í veg fyrir að svona geti gerst aftur frekar en að finna sökudólga.

Spurt var út í það hvernig það sé að vera aðhaldsflokkur í valdastöðu. Dóra Björt sagði það sé þínu skrítið og vinnulagið sé öðruvísi. Valdinu fylgi því að auðveldara sé að koma fram umbótum en oft á tíðum sér almenningur það ekki eins vel þar sem þau samskipti fari fram innan meirihlutasamstarfsins en ekki í fjölmiðlum sem fjalli mikið um aðhalds athugasemdir minnihluta í stjórnkerfinu bæði á sveitarstjórnarstiginu og á Alþingi. Alexandra minnst á að mikilvægt sé að halda gagnrýnu augunum allstaðar, líka í valdastöðu. Þó er mikilvægt að innri boðskipti séu fullreynd fyrst áður en gagnrýnt sé að opinberum vettvangi til að varðveita trúverðugleika og traust í meirihluta.

Spurt var hvernig gangi að starfa með flokkum sem ekki eru kannski eins róttækir og við í mörgum málum. (Tengd spurning) Spurt er úti skaðaminnkunar aðgerðir á tónlistarhátíðum. Skaðaminnkunarstefnur Pírata eru mjög róttækar, hvernig gengur að fá hina flokkana til að

samþykkja. Svarið frá Dóru Björt er að það gangi furðu vel og hún finni fyrir jákvæðni frá samstarfsflokkunum á þessu sviði. Alexandra segir að í velferðaráði sé samhljómur með flest skaðaminnkunar úrræðin.

Spurt var út í lög um almennar leiguíbúðir og hvernig Píratar vilji taka á því ef aðilar vilja stofna óhagnaðardrífing leigufélög fyrir almenning, sem í dag virðast þurfa undanþágu frá ráðherra. Dóra sagði að það sé rétt að eins og löggin séu í dag séu lög um almennar leiguíbúðir frekar lög um sérstaka hópa. Það sem skiptir mestu máli er samstarf við hópa sem vilja fara í uppbyggingu um leiguhúsnæði t.d verkalýðsfélögin.

Spurt var um samráð varðandi lög um NPA og beitingu lýðræðishugmynda og þjónustu við fatlað fólk og þá sem þurfa langtímaumönnun. Varðandi það er umræða og tillaga um málaflokkinn er í gangi og verið er að styrkja samráðsvettvanga við fatlað fólk, t.d. aðgengisnefnd þar sem kjörnir fulltrúar og hagsmunaaðilar koma að borði. Í október verður opin fundur um NPA og samráð sem er að tilstuðlan Pírata í borgarstjórn.

17:00 Almennar umræður

Svafar Helgason bar upp tillögu að ályktun aðalfundar Pírata varðandi lögbann á Stundina sem lítur út fyrir að hafa verið í pólitískum tilgangi:

“Þann 16. Október í fyrra, árið 2017 var sett lögbann á fjölmiðil sem fjallaði um vafasama fjármálagjörnina þáverandi forsætisráðherra rétt fyrir hrun íslensku bankanna. Rtiskoðun á lögmætri umfjöllun fjölmiðils um kjörinn fulltrúa er með öllu ólíðandi í lýðræðisríki. Aðgerð að þessu tagi mun aldrei teljast annað en valdriðsla. En því miður er fjölmiðlafrelsi á Íslandi afar bágborið og virðing fyrir tjáningarfrelsinu bágborin, bæði í dag og í sögulegu samhengi. Alþingi hefur verkfærin til að binda enda á þetta lögbann, sem vakið hefur athygli erlendis. Í ljósi þess hversu stuttu fyrir kosningar lögbannið kom er ekki hægt að útiloka að það hafi verið gert í pólitískum tilgangi. Við skorum því á Alþingi að sjá til þess að aldrei aftur verið slíkt lögbann sett á íslenskan fjölmiðil og fullgilda IMMI tafarlaust, næg undirbúningsvinna hefur verið unnin, það eina sem þarf er pólitískur vilji. Fátt annað en fullkomið fjölmiðla- og tjáningarfrelsi getur orðið til þess að traust á íslenskum stjórnámálum endurheimtist. Nefndir og ályktanir þeirra munu aldrei verða til þess, einungis raunverulegar lagabreytingar sem tryggja að fjölmiðlar geti birt vandaða umfjöllun um stjórnámál og stjórnámálafólk án þess að eiga á hættu málsóknir og lögbönn sem fengju aldrei staðist fyrir evrópskum dómstólum.”

Ályktunin var samþykkt með handauppréttingu og í umræðum um ályktunina kom fram að það sé ólíðandi að lögbann sé ennþá í gildi og bæta megi við að lögbanninu eigi að ljúka strax. Framkvæmdastjóra er falið að vinna í orðalagi ályktunarinnar og senda hana út fyrir hönd aðalfundar Pírata.

17:30 Leynigestur/heiðursgestur

Á fundinn mætti Lawrence Lessig sem er lögfræðingur og framkvæmdastjóri Siðfræðistofnunar við Harvardháskóla í Bandaríkjunum og hefur unnið mikið með höfundarréttar- og stjórnskrármál.

Lawrence fjallaði um spillingu tengdri höfundaréttarmálum og sagði söguna af því hvernig Aaron Swartz leiddi hann í áttina að Pírötum sem dæmi um opna baráttu fyrir mörgum af þeim málum sem þeir hafa unnið að.

Í spurningum svaraði hann hvernig stjórnþæki hafa verið lögð ofan á frjáls internet stjórnþækjum til að stýra og takmarka frelsið og fylgjast með netnotkun fólks. Þá sagði hann

að allur árangur sem Píratar í litlu landi eins og Íslandi í að ná fram bættum stjórnháttum og í höfundaréttarmálum muni vera fordæmi fyrir fjölda fólks víða um heim sem berst fyrir samskonar breytingum.

Aðspurður hvort hann haldi að við á Íslandi getum verið bjartsýn á umbætur í samfélaginu. Svaraði Lawrence að það væri engin sérstök ástæða fyrir bjartsýni nema ef unnið sé í málunum með hjartanu án þess að treysta of mikla á bjartsýni. Fremur eigi að reiða sig á ástúð fyrir málstaðnum og einnig þurfi að virkja þá samfélagshópa sem ekki mæta og kjósa, sér í lagi unga kjósendur, sem eru einmitt þeir sem líklegastir eru til að kjósa aðila sem standa fyrir breytingum. Það eru til nokkrar leiðir til að koma á lýðræðislegum ákvörðunum, í Bretlandi var niðurstaða BREXIT túlkuð sem bindandi og ekkert annað kæmi til greina. En á Íslandi aftur á móti gerðist það að lýðræðisleg kosning um nýja stjórnarskrá var stungið undir stól og ekkert gert í þeim málum.

18:00 Niðurstöður kosninga til framkvæmdaráðs, skoðunarmanna reikninga og úrskurðarnefndar kynntar

Í framkvæmdaráð hlutu eftirfarandi kosningu:

- Elín Ýr Arnar
- Halldór Auðar Svansson
- Unnar Þór Sæmundsson
- Valgerður Árnadóttir

Auk Péturs og Steinars sem valdir voru í slembivali sem fyrr segir.

Sem skoðunarmenn reikninga voru sjálfvalin þau Eva Pandóra Baldursdóttir og Halldór Arsson sem voru tvö í framboði.

Í Úrskurðarnefndar völdust eftirfarandi þrír Píratar:

- Sunna Rós Víðisdóttir
- Elsa Kristjánsdóttir
- Björn Þór Jóhannesson

Ásamt Gunnari Ingiberg Guðmundssyni og Einar Hrafn Árnason sem er varamaður.

Í lok fundar voru endurskoðaðir árskreikningar samþykktir með handauppréttingu.

18:18 Fundi slitið